

greiðlega hjálp sína í té og leysti af hendi gott starf við björgunina. Skipið Skaptfellingur var stutt í yfirvofandi hættu, en áhöfn skipsins hins vegar ekki. Björgunarstarfið tók ekki langan tíma og virðist ekki hafa haft neinn teljandi kostnað í för með sér og um hættu fyrir Helgu og áhöfn hennar virðist tæpast hafa verið að ræða. Með tilliti til þessa og annarra atvika svo og með tilliti til verðmætis hins bjargaða skips þykja björgunarlaunin hæfilega ákveðin kr. 40.000.00, er stefnda ber að greiða stefnandanum með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags, eins og krafizt hefur verið.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnandanum kr. 3500.00 í málskostnað.

Svo þykir og bera að viðurkenna sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

#### Dómsorð:

Stefndi, Helgi Benediktsson, greiði stefnandanum, Sveini Benediktssyni f. h. Ingimundar h/f, kr. 40.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1950 til greiðsludags og kr. 3500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í v/b Skaptfellingi, VE 33, fyrir hinum tildæmdu fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 67/1952. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Egill Sigurgeirsson)

gegn

**Erling Ellingsen** (Theódór B. Líndal)

og gagnsök.

Dómendur:

**Hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson, Þórður Eyjólfsson og próf. Ólafur Lárusson.**

Fébætur vegna frávikningar embættismanns.

#### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1952 og krafizt þess, aðallega að honum verði dæmd sýkna, en *til vara* að dæmd fjárhæð í héraði verði lækk-

uð. Málskostnaðar krefst hann úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 29. maí 1952 og gert þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 716.432.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðaláfrýjandi var hinn 21. júní 1945 skipaður flugmála-stjóri um ótiltekinn tíma samkvæmt lögum nr. 24/1945. Honum var með bréfi ráðherra 15. sept. 1950 sagt upp starfanum frá 1. apríl 1951 að telja. Með lögum nr. 119 28. des. 1950 voru síðan störf flugmálastjóra lögð til embættis flugvallastjóra, er stofnað hafði verið með lögum nr. 65/1947.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 65/1947 skyldi flugmálastjóri fara með þessi störf undir stjórn Flugráðs: Nýbyggingu flugvalla, loftferðaefirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varða, og ekki snerta rekstur flugvalla. Telja verður, að störf þessi séu svo vandasöm og ábyrgðarmikil, að jafna megi þeim til ýmissa eldri embætta ríkisins. Þykir flugmála-stjóri því eiga að sæta sömu kjörum og aðrir embættismenn, er honum var vikið frá starfa og embætti hans lagt niður. Í 20. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eru ákvæði um skipan og lausn þeirra embættismanna, sem Forseti Íslands skipar, en þeim ákvæðum er rétt að beita per analogiam um önnur embætti, sem ráðherra veitir. Ákvæði 20. gr. stjórnarskrárinnar var fyrst sett í 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874. Er stjórnvaldinu þar veitt heimild til að veita embættismönnum lausn fá embætti, hvort sem þeir hafa unnið til saka eða ekki. En jafnframt var svo kveðið á í téðri grein stjórnarskrárinnar frá 1874, að eftirlaun embættismanna skyldu ákveðin með lögum. Eftirlaunarétturinn var sjálfstæður réttur til launa, er embættistíma var lokið. Ánnu embættismenn sér hann með embættisstarfanum, og fór hæð eftirlauna m. a. eftir því, hversu lengi embættismaður hafði gegnt embættinu. Hugsun stjórnarskrárgjafans 1874 var sú, að stjórnvaldið hafði rétt til að víkja embættismanni frá starfa án tillits til saka, en eftirlaunarétturinn ætti að bæta þeim stöðumissinn, sem frá væri vikið, án þess að sakir væru sann-

aðar. Í samræmi við þessa hugsun veittu bæði tilskipun 31. maí 1855 og lög nr. 4/1904 embættismönnum rétt á eftirlaunum svo og biðlaunum,  $\frac{2}{3}$  af embættislaunum um 5 ár, ef embætti var lagt niður. Rétt er að geta þess hér, að auk þess skylduðu lög nr. 5/1904 embættismenn til að safna sér ellistyrk eða kaupa sér geymdan lífeyri.

Í 5. gr. stjórnarskrár nr. 12/1915 er eftirlauna að engu getið. Með lögum nr. 72/1919 var hinn sjálfstæði eftirlaunaréttur aftekinn, að því er varðaði þá embættismenn, sem skipaðir voru eftir gildistöku þeirra laga, en embættismönnum þessum var gert að skyldu að kaupa sér geymdan lífeyri, sem greiddast skyldi, er embættismaður léti af embætti sakir elli eða vanheilsu. Ekki var þess getið í lögum þessum, hvernig með skyldi fara, ef stjórnvaldið neytti stjórnarskrárheimildar til að leysa embættismann fyrirvaralaust frá embætti. Hins vegar var sagt í lögum, að embættismaður ætti rétt á að fá endurgreitt úr lífeyrissjóði vaxtalaust og afdráttarlaust iðgjöld þau, sem hann hafði greitt í sjóðinn, ef embætti hans var lagt niður. Ákvæði, að efni til þau sömu og nú var lýst, voru tekin upp í lög nr. 51/1921 um lífeyrissjóð embættismanna og ekkna þeirra svo og upp í lög nr. 101/1943 um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Í 16. gr. stjórnarskrárinnar nr. 9/1920 og nú 20. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 hefur verið tekið upp ákvæðið úr 4. gr. stjórnarskrárinnar frá 5. janúar 1874 um, að stjórnvaldið geti vikið embættismanni úr embætti án tillits til saka. Þó eru undanskildir dómaraþeir, er getur í 57. gr. stjórnarskrár nr. 9/1920 og 61. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944. Í stjórnarskrám þessum er hins vegar ekki ákvæðið um, að eftirlaun skuli ákveðin með lögum, enda njóta embættismenn nú ekki sérstaks eftirlaunaréttar, en eftirlaunarétturinn átti, svo sem áður segir, samkvæmt hugsun upphaflega stjórnarskrárgjafans að bæta embættismönnum, er vikið var frá án sannaðra saka, stöðumissinn. Leifar þessarar meginreglu finnast samt enn í stjórnarskránni, þar sem segir í 20. gr., að embættismaður, sem flytja á í annað embætti, geti í þess stað kosið lausn frá embætti með lögsmæltum eftirlaunum eða lögsmæltum ellistyrk. Þetta ákvæði bendir til þess, að stjórnarskrár-

gjafinn 1920 og síðar hafi ekki vitandi vits ætlað að svipta embættismenn þeim rétti, sem upphaflegi stjórnarskrárgjafinn veitti þeim, er stjórnvaldið neytir heimildar sinnar til að víkja þeim úr embætti. Þegar litið er til þessa svo og þess, að embættismenn, sem skipaðir eru eftir gildistöku laga nr. 72/1919, njóta ekki eftirlaunaréttar, verða dómstólar að ákveða þeim embættismönnum, sem stjórnvaldið neytir heimildar sinnar til að víkja úr embætti, nokkrar bætur fyrir röskun á stöðu og högum, enda séu sakir ekki sannaðar á hendur þeim.

Þegar gætt er þess, sem að framan er rakið, og litið er á stöðu þá, sem gagnáfrýjandi gegndi, svo og að honum var vikið úr henni án nokkurra sannaðra saka, er rétt að dæma honum bætur, sem þykja hæfilega ákveðnar kr. 85.000.00 með vöxtum, eins og í héraðsdómi segir.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

#### Dómsorð :

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði gagnáfrýjanda, Erling Ellingsen, kr. 85.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1952.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. f. m., hefur Erling Ellingsen, fyrrverandi flugmálastjóri, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 31. maí 1951 gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 716.432.00, auk 6% ársvaxta frá 1. apríl f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómara.

Málavextir eru þessir:

Með lögum nr. 32 frá 1929 um loftferðir var atvinnumálaráðherra veitt heimild til þess að ráða innlendan mann með fullkomnu flugvélaþróf: sér til aðstoðar, til að annast eftirlit með flugvélum, viðhaldi þeirra og stjórn á þeim og til að vera til ráðuneytis um allt það, er að loftferðamálum lyti. Heimild þessi var fyrst notuð árið 1936 og var þá skipaður flugmálaráðunautur ríkisins. Var í starfið valinn maður, sem að undan-

förnu hafði unnið að uppbyggingu flugs hér á landi í samráði við ríkisstjórnina. Hinn 12. febr. 1945 voru sett lög nr. 24 um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga skyldi atvinnu- og samgöngumálaráðherra setja á stofn sérstaka stjórn flugmála og felli þá niður starf flugmálaráðunautar ríkisins. Forstöðumaður þessarar stofnunar skyldi nefnast flugmálastjóri. Með bréfi, dags. 21. júní 1945, skipaði atvinnu- og samgöngumálaráðherra stefnanda flugmálastjóra frá og með 1. júlí sama árs að telja. Árslaun voru í skipunarbréfinu ákveðin kr. 13.000.00 (grunnlaun). Þá voru í skipunarbréfinu fyrirmæli um það, að stefnanda bæri í starfi sínu að fara eftir ákvæðum síðastgreindra laga, svo og annarra þeirra laga, reglugerða og fyrirmæla, sem á hverjum tíma giltu um flugmál hér á landi, og gegna starfinu samvirkusamlega, svo sem opinberum starfsmanni hlýddi og sæmdi. Með lögum nr. 65 frá 1947 varð gerð sú breyting á stjórn flugmálanna, að í stað þess að stofnun sú, sem starfað hafði samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 frá 1945 undir forystu flugmálastjóra, heyrði beint undir ráðherra, þá var sett yfir stofnunina flugráð undir yfirstjórn ráðherra. Jafnframt var með lögum þessum stofnað embætti flugvallastjóra. Þar til breyting þessi var gerð, hafði stefnandi gegnt starfi sínu sem flugmálastjóri óbreyttu, frá því að hann var skipaður í það. En við breytinguna voru nokkur störf, svo sem rekstur og viðhald flugvalla ríkisins, greind frá starfi flugmálastjóra og fengin flugvallastjóranum. Að öðru leyti var starf stefnanda óbreytt og skyldi hann eins og áður annast nýbyggingu flugvalla, loftferðaefirlit, öryggisþjónustu og önnur störf, er flugið varðaði. Formaður flugráðs var skipaður maður sá, er áður hafði verið flugmálaráðunautur ríkisins. Þá var hann og skipaður flugvallastjóri. Hélt þessi skipun flugmálanna um skeið, en í septembemánuði 1950 barst stefnanda bréf frá samgöngumálaráðherra, dags. 15. s. m. Segir í bréfinu, að ráðuneytið hafi ákveðið að gera nokkrar breytingar á stjórn flugmálanna, er meðal annars hafi í för með sér, að lagt verði niður embætti flugmálastjóra. Muni ráðuneytið í því sambandi bera fram á næsta Alþingi frumvarp um breytingu á lögum nr. 65 frá 1947. Segir síðan orðrétt: „Með skírskotun til þessa veitir ráðuneytið yður, herra flugmálastjóri, lausn frá embætti flugmálastjóra frá 1. apríl n. k. að telja.“ Uppsögn þessari mótmælti stefndi í bréfi til samgöngumálaráðuneytisins, dags. 20. september 1950, sem almennt ólögmetri og hvernig sem litið yrði á hana að öðru leyti, gerðri með of stuttum fyrirvara.

Hið boðaða frumvarp var síðan lagt fram á næsta Alþingi, og er í greinargerð þess sagt, að reynslan af þeirri skipan, er gerð var, er flugráð var sett, hafi reynzt vel. Hins vegar hafi það komið í ljós, að það sé ekki heppilegt og því síður nauðsynlegt, að skipta framkvæmdastjórastörfum milli tveggja jafn réttárra embættismanna, flugvallastjóra og flugmálastjóra. Sé því lagt til, að embætti flugmálastjóra verði lagt niður. Frumvarpið var samþykkt óbreytt á Alþingi og staðfest sem lög nr. 119, 28. desember 1950. Í 5. gr. þeirra segir, að þau öðlist gildi þegar í stað. Þau munu hafa verið birt 29. des. 1950. Stefnandi ítrekaði mót-

mæli sín gegn því að vera sviptur stöðu sinni, að því er hann taldi, án tilefnis af sinni hálfu og á þann hátt, er gert var, en lét þó af starfinu samkvæmt uppsögninni hinn 1. apríl f.á. Féllu þá störf hans sem flugmálastjóra undir flugvallastjóra.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi mátt vænta þess, er hann var skipaður í embætti flugmálastjóra, að sú skipun gildi, meðan líf og heilsa hans entist eða ævilangt. Telur hann, að uppsögnin á embættinu vegna niðurfellingar þess með þeim hætti, sem gerð var, jafngildi uppsögn án saka. Bendir hann í þessu sambandi á, að störf þau, sem hann hafi gegnt sem flugmálastjóri, hafi ekki verið lögð niður, en haldizt óbreytt áfram, þau hafi aðeins verið falin öðrum manni. Þá hefur stefnandi talið, að uppsögnin hafi verið ólögleg stjórnarfrarslega séð vegna valdniðslu, en ljóst er af málsatvikum, er lýst hefur verið hér að framan, að þessi málsástæða stefnanda hefur enga stoð.

Fjárhæð stefnukröfunnar miðar stefnandi, sem fæddur er í júlí 1905, við heildarverðmæti mánaðarlauna, kr. 4.397.25, fyrir tímabilið frá 1. apríl 1950 til 30. júní 1970 og nemur heildarverðmætið kr. 624.814.00. Þá er og innifalið í stefnukröfunni verðmæti eftirlaunaréttar stefanda og konu hans úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, miðað við, að hann hefði gegnt flugmálastjórastarfinu áfram. Telur stefnandi verðmæti eftirlaunaréttarins nema kr. 91.618.00. Nema fjárhæðir þessar samanlagðar hinni umstefndu kröfu. Nafngreindur tryggingarfræðingur hefur framkvæmt útreikning greindra verðmæta og segir í skýrslu hans, að útreikningurinn sé byggður á 6% vöxtum p. a. og íslenzkum dánartöflum, nema verðmæti makalífeyrisins, þar sem íslenzkar töflur séu ekki til um það. Þá segir, að tillit sé tekið til þess, að starfsorka geti tapast í lífanda lífi.

Algerlega til vara reisir stefnandi bótakröfu sína á því, að uppsagnarfresturinn hafi verið allt of skammur, starf hans hafi verið ábyrgðarstarf. Þá bendir stefnandi á það í þessu sambandi, að uppsögnin hafi verið skilyrt. Skilyrðinu hafi ekki verið fullnægt, fyrr en lögín nr. 119 frá 1950 hafi verið samþykkt. Hafi raunverulegur uppsagnarfrestur hans því ekki verið nema 3 mánuðir.

Stefnandi reisir sýknukröfuna á því, að hér hafi ekki verið um stöðusviptingu að ræða, heldur hitt, að ákveðin staða eða embætti hafi verið lagt niður samkvæmt ákvörðun löggjafans og sé því ekki lengur til. Um það verði ekki deilt, að löggjafinn geti lagt niður embætti, þegar þörf krefji, á sama hátt og hann getur stofnað þau, en á þessari staðreynd byggist það, að stefnandi geti ekki átt neina fjárkröfu á hendur ríkissjóði, þar sem krafa hans sé á því reist, að hann eigi rétt á að gegna embætti, sem að lögum sé ekki lengur til. Heldur stefndi því fram, að niðurfelling stöðu stefnanda hafi verið eðlileg og þörf ráðstöfun, eftir því sem á stóð. Þá bendir stefndi á, að staða stefnanda hafi ekki verið tekin inn á launalög, hún hafi heldur ekki verið þáttur í rekstri ríkisins sem slíks og formið á veitingu stöðunnar hafi verið annað en við veitingu fastra embætta. Staðan hafi því verið laus í reipunum og ekki

óskyld stöðum við ríkisfyrirtæki, svo sem einkasölur ríkisins, en slíkum stöðum megi að sjálfsögðu segja upp með hæfilegum fyrirvara.

Við munnlegan flutning málsins hreyfði stefndi því, að réttmætt hefði verið að vikja stefnanda frá starfi vegna þess, að hann hefði ekki gætt nægilegs sparnaðar í ráðsmennsku sinni, en gegn mótmælum stefnanda hefur stefndi ekki fundið þessari staðhæfingu sinni stoð og ekkert var að störfum stefnanda fundið, meðan hann gegndi flugmálastjórástöðunni. Auk þess verður að telja þessa varnarástæðu stefnda of seint fram komna.

Þá hefur stefndi mótmælt útreikningi stefnanda á fjárhæð bótakröfunnar, bæði að því er varðar verðmæti vinnutekna og eftirlaunaréttar.

Loks telur stefndi, að stefnanda hafi verið sagt upp stöðunni með nægilegum fyrirvara.

Flugmál og rekstur þeirra eru tiltölulega ung hér á landi. Á síðasta áratug hafa orðið stórfelldar breytingar til framfara á flugtækni og flugsamgöngum hér á landi. Er því eðlilegt, að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á skipulagi flugmála, frá því að fyrst voru sett lög um þau. Má ætla, að löggjafinn hafi með lagasetningum og lagabreytingum um þessi efni verið að leita fyrir sér um það skipulag, sem heppilegast yrði flugmálunum til þróunar og þrifa. Er stefnandi var skipaður í stöðu flugmálastjóra, var þróun flugmála hér á landi fremur skammt á veg komin. Mátti hann því búast við, er hann tók við stöðunni, að breytingar kynnu að verða gerðar á tilhögun flugmálastjórnarinnar og þá ef til vill breytingar, er vörðuðu stöðu hans. Hins vegar mátti stefnandi ætla, að hann myndi til nokkurrar frambúðar starfa í þjónustu ríkisins við stjórn flugmála hér á landi. Að þessu athuguðu svo og því, að störf þau, sem stefnandi gegndi sem flugmálastjóri, voru ekki lögð niður, heldur falin öðrum, þykir stefnandi eiga rétt til bóta vegna þess að staða hans var lögð niður og honum vikið úr þjónustu ríkisins við flugmál hér á landi. Þykja bætur til stefnanda af þessu efni eftir öllum atvikum hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00.

Er stefnandi lét af flugmálastjórástöðunni, hafði hann gegnt henni í 5 ár og 9 mánuði. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 101 frá 1943 um lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins öðlast hann ekki rétt til árlegs lífeyris úr sjóðnum, fyrr en hann hafði gegnt stöðunni í 10 ár og greitt iðgjöld til sjóðsins. Þegar þetta er virt, þykir krafa stefnanda um bætur fyrir missi eftirlaunaréttar ekki hafa við rök að styðjast.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 6.000.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Er-ling Ellingsen, kr. 100.000.00 með 6% ársvöxtum frá 1. apríl 1951

til greiðsludags og kr. 6.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. marz 1953.

Nr. 141/1952. **Ákærvaldið** (Sigurgeir Sigurjónsson)  
 gegn

**Guðna Halldórssyni.** (Egill Sigurgeirsson).

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáramar Hæstaréttar.**

Líkamsárás. Sýkna af ákæru um brot á 244. gr. hegningarlaga.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað, að ákærði hafi gerzt sekur við ákvæði 217. gr. laga nr. 19/1940. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að hann hafi brotið ákvæði 244. gr. sömu laga, og ber því að sýkna hann af því ákæruatriði, svo sem gert er í héraðsdómi. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar í héraði. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

### **Dómsorð :**

Ákærði, Guðni Halldórsson, sæti fangelsi 3 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu skaðabóta og sakarkostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.